



2019 -2020

Náms- og kennsluáætlun

9. bekkjar





Efnisyfirlit

Íslenska.....	3
Stærðfræði	7
Enska	11
Danska.....	15
Samfélagsgreinar	18
Náttúrufræði	22
Íþróttir.....	25
Sund.....	28
Lífsleikni	31
Upplýsingatækni.....	34
Heimilisfræði val.....	36
Myndmennt val	38
Áhugasvið val.....	40
Textílmennt val	42
Smíðar val	44
Stærðfræði val	47
Hreysti val	51



Íslenska

Tímafjöldi á viku: 6

Kennari: Sigríður G. Sigmundsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Íslenskukennsla er heildstæð og hver þáttur styður hvern annan. Nemendur eru æfðir í að lesa upphátt, flytja ljóð, endursegja ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á aðra og tileinka sér efni sem flutt er. Nemendum eru kynntar reglur um stafsetningu og greinamerki og þeir fá æfingu í notkun þeirra. Málfræði er ætlað að efla skilning og áhuga nemenda á móðurmálinu og vekja þá til vitundar um eigin málkunnáttu. Nemendur læra helstu grunnhugtök málfræði og þjálfast í notkun þeirra. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að málfræðipækking nýtist í stafsetningu og tungumálanámi. Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Mikil áhersla verður lögð á vönduð vinnubrögð.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">Lestextar um heilbrigði og velferð. Með þessu byggist upp jákvæð sjálfsmynd og heilbrigði eflist.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">Samanburður á textum fyrr og nú.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir auk þess sem tekið er tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">Yndislestur bóka og lestur alls konar texta. Mikil áhersla lögð á að reyna eftir fremsta megni að glæða áhuga á bókum og lestri. Með auknum lestri fæst þjálfun í annars konar læsi svo sem menningarläsi, tilfinningalæsi og samskiptalæsi.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir.



Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">Nemendur vinna margvísleg verkefni þar sem reynir á uppgötvun, áhuga og ímyndunarafl. Þeir móta viðfangsefnin og miðla þeim til annarra.
---------	--

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Nemendur vinna margvísleg verkefni þar sem reynir á uppgötvun, áhuga og ímyndunarafl. Þeir móta viðfangsefnin og miðla þeim til annarra.		Talað mál og hlustun Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none">✓ tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar✓ tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar✓ tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum✓ hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum• nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.	
Lestur og bókmenntir eru hluti af heildstæðu námi í íslenskukennslu og koma við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir.	Íslendinga sögur: Egils saga. Íslenskar skáldssögur og ljóð. Riddarar hringstigans, Smátímasögur, Kveikjur, Neistar. Þýddar sígildar sögur, sem eru	Lestur og bókmenntir Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none">• lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað• greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta• lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann• lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum• greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap	Hluti af lykilhæfnimati. Lestrarpróf nokkrum sinnum yfir veturinn. Verkefni/ritgerð metin.



	endursagðar og stytta. Einnig bækur að eigin vali.	<ul style="list-style-type: none">• beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap• valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.	
Ritun er hluti af heildstæðu námi í íslenskukennslu og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir.	Ritunarbókin, Heimir.	Ritun Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none">• skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd• valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni• samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa• beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hafi náð valdi á þeim.• skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda• skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.	Hluti af lykilhæfnimati. Ritgerð metin.
Málfræði er hluti af heildstæðu námi í íslenskukennslu og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir.	Finnur 1 og 2, Málfinnur, Skrifinnur. Ýmis verkefni frá kennara.	Málfræði Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none">• nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun• nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum• áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra• notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu• beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins• beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað• gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.	Kaflapróf og skriflegt próf í lok hvorrar annar.



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. }
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Lokamat að vori byggist á lykilhæfni og hæfni innan námssviðs.



Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 6

Kennari: Arnheiður Rán Almarsdóttir

Kennsluáferðir og skipulag

Leitast verður við að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við kennsluna til að auka gæði námsins s.s. leitaraðferðir, einstaklingsvinnu, þrautalausnir, verklega kennslu, námsleiki, útikennslu, hlutbundna vinnu og hjálpargögn. Nýir námsþættir verða kynntir og kenndir yfir hópinn í byrjun og svo farið yfir í einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópum ef þarf. Lögð verður áhersla á endurtekningu og mikla þjálfun nemenda í hverju viðfangsefni fyrir sig. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæð viðhorf til stærðfræði eru mikilvægir þættir í stærðfræðinámi svo og samræður við aðra nemendur um stærðfræðihugtök. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra.

Útbúin er áætlun fyrir hvora önn fyrir sig sem nemendur vinna eftir. Nemendur geta því sjálfir dreift álagi milli kennslustunda enda vita þeir til hvers er ætlast af þeim í hverri viku. Ekki verður um eiginlega heimavinnu í stærðfræði að ræða nema þegar nemendur nýta ekki tímann í skólanum til vinnu þá verður gert sú krafa að nemendur vinni heima svo þeir dragist ekki afturúr. Einnig verður gerð sú krafa að ef nemandi veikist eða fer í leyfi verði hann að vinna það upp og þá gæti orðið heimavinna.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhættuþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	✓ Verkefni valin með velferð nemenda í huga.
Jafnrétti:	✓ Allir nemendur hafa jafnan rétt til náms. Leitast við að nám miðist við einstaklingsþarfir hvers og eins. Nemendur hafa ólíkar forsendur til náms og virða ber alla með því að hlusta á allar hugmyndir sem nemendur hafa fram að færa



Lýðræði og mannréttindi	✓ Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir í hóp eða bekk þegar við á. Mikilvægt er að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar. Virkar samræður um námsþætti hverju sinni.
Læsi	✓ Talnalæsi, fjármálalæsi, þjálfun í læsi á stærðfræðilegum hugtökum og nemendur fá þjálfun í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni eins og í orðadæmum og textaverkefnum. Nemendur læra að lesa stærðfræðileg tákni þ.e. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman og þekkja aðgerðartáknin. Nemendur læra einnig að lesa tölfræðigögn
Sjálfbærni	✓ Reynt að stuðla að sjálfbærni með því að þjálfa nemendur í að draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um t.d. neyslu og að huga að eigin velferð og annarra. Leitast verður við að skapa vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir.
Sköpun	✓ Verkefni unnin og sett fram á skapandi og listrænan hátt. Í stærðfræðivinnu eru notaðar ýmsar aðferðir til að tjá sig s.s. teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit. Unnin verða skapandi verkefni í hópastarfi á Degi stærðfræðinnar. Hlutbundin nálgun í hávegum höfð og ýtt undir skapandi hugsun nemenda eins og kostur er.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Talnareikningur, stórar og smáar tölur, hringurinn, algebra, jöfnur, formúlur, einslögun, hnitakerfi og tölfræði.	Almenn stærðfræði II, valið efni frá kennara.	<ul style="list-style-type: none">• tjáð sig um stærðfræðileg efni og veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar• útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum• leitað lausna• sett viðfangsefnin fram á fjölbreyttan stærðfræðilegan hátt með því að<ul style="list-style-type: none">○ beita skapandi hugsun○ beita ígrundun, óformlegri og einfaldri○ beita formlegri röksemdafærslu○ setja fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön• notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að	Símat, leiðsagnarmat og próf.



		<ul style="list-style-type: none">○ setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg vandamál○ ræða lausnir○ nýta margvísleg hjálpartæki til stærðfræðilegra verka, þar með talin tölvutækni● unnið einir og í samvinnu við aðra að því að<ul style="list-style-type: none">○ rannsaka○ greina○ túlka○ setja fram tilgátur○ finna lausnir○ alhæfa um hvers kyns viðfangsefni með hjálp stærðfræðinnar○ lesa og leggja mat á stærðfræðitexta○ nota viðeigandi verkfæri t.d. tölvur○ kynna niðurstöður sínar● notað rauntölur● reiknað með ræðum tölum● greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum● tekið þátt í að þróa lausnaleyðir við útreikninga● nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim● rannsakað mynstur og alhæft um þau● leyst jöfnur	
--	--	--	--



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Kaflakannanir eru við lok hvers kafla. Tilgangur þeirra er að leiðbeina nemendum við námið. Kaflakannanir eru nýttar til að meta hvað þarf að fara betur yfir og hjálpa nemendum að bæta sig. Vinnubrögð, hæfni og framfarir nemenda eru metin reglulega yfir veturinn. Lokapróf eru tekin í lok hvorrar annar og nemendur fá í framhaldi af því vitnisburð sem inniheldur annareinkunn og prófseinkunn eða umsögn eftir því í hvaða bekk þeir eru. Prófseinkunn er útkoman úr lokprófinu en annareinkunn stendur saman af útkomum í kaflakönnunum, vinnueinkunn og vinnubók.
- ✓ Foreldraviðtöl eru líka tvisvar á skólaárinu þar sem kennurum, foreldrum og nemendum gefst kostur á að ræða námsframvinduna.



Enska

Tímafjöldi á viku: 4

Kennari: Auður Jónsdóttir

Kennsluáferðir og skipulag

Innlagnir frá kennara þegar ný atriði eru tekin fyrir. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Umræður og hlustunarverkefni. Netverkefni.

Megin viðfangsefni námsviðsins er áhersla á færniþættina fjóra; lestur, talað mál, hlustun og ritun. Til þess að öðlast færni í tungumálinu er mikilvægt að þessir þættir haldist allir í hendur.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ensku

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhættuþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	✓ Fjallað er um mikilvægi þess að lifa heilbrigðu lífi. Borða hollan mat og stunda íþrótt eða einhverja hreyfingu reglulega.
Jafnrétti:	✓ Fjallað er um mikilvægi þess að strákar og stelpur hafi jöfn tækifæri, s.s að stunda nám, taka þátt í íþróttum og þessháttar
Lýðræði og mannréttindi	✓ Siðferðilegum spurningum er beint til nemenda og þeir ræða hvernig við umgöngumst hvert annað. Hafa allir menn jöfn tækifæri til að þroskast ?
Læsi	✓ Læsi: • Að nemandi geti verið læs á umhverfi sitt og efli lesskilng • Lesskilningur þjálfaður í gengum námsbækur og frjálslestrabækur • Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfaður út frá myndum. • Nemendur æfa sig í að finna efni sem hentar hverju sinni á neti (á gagnrýninn hátt)
Sköpun	✓ Nemendur búa sér til persónu, þar sem þeir ákvarða útlit og lögum. Nemendur þjálfast í látbraðsleik (Actionary)



Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Hlustun er hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir. Nemandinn, áhugamál, tómsundur, daglegt líf og ferðalög.	Spotlight 8- seinni hluti. Spotlight 9 lesbók, vinnubók og ljósritað efni frá kennara. Smásögur og léttlestrarbækur	Að nemendur læri óreglulegar sagnir og geti notað þær í texta. Að nemandi geti skrifað mismunandi texta, geti greint á milli formlegs texta og óformlegs. Að nemandi geti skrifað útdrátt úr texta, ritdóm eða grein. Að nemandi geti flutt munnlega kynningu á hlut sem skiptir hann máli (Show and tell) Nemendur þekki nafnorð og óreglulega fleirtölu. Nemendur þekki fornöfn og afturbeygð fornöfn Að nemendur þekki tíðaratviksorð og háttaratviksorð Að nemendur þekki og noti spurnarsetningar Að nemendur þekki og kunni að nota would og should	Kaflapróf eru á eftir hverjum kafla
Lestur og lesskilningur eru hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og koma við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir. Nemandinn, áhugamál, tómsundur, daglegt líf og ferðalög.	Skáldsaga, bíómynd. Ritgerðarskil.	Hlustun Nemandi getur skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega. - skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti - hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum. Lesskilningur Nemandi getur lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum. - fundið lykilspurningar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu - lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómsundur og ferðalög.	
Samskipti eru hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og koma við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir. Nemandinn, áhugamál, tómsundur, daglegt líf og ferðalög.		Samskipti Nemandi getur sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisvenjur og kann aðferðir	



<p>Frásagnir eru hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og koma við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir. Nemandinn, áhugamál, tómstundir, daglegt líf og ferðalög.</p> <p>Ritun er hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir.</p> <p>Menningarläsi er hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir. Ferðalög (innanlands og erlendis).</p> <p>Ferðalög (innanlands og erlendis) og menning.</p>		<p>til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði. - tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf - bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum - notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.</p> <p>Frásögn Nemandi getur tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval. - sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum - greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.</p> <p>Ritun Nemandi getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki. - sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt - lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv. - samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.</p> <p>Menningarläsi Nemandi getur sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor. - sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.</p> <p>Námshæfni Nemandi getur sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf. - beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu.</p>	
--	--	--	--



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Nemendur taka kaflapróf í lok hvers kafla. Skriflegt próf í lok hvorrar annar. Þeir taka próf í óreglulegum sögnum á miðjum vetri.
- ✓ Munnlegt próf í lok vorannar. Munnleg skil verkefna eru metin til einkunnar. Ritunarverkefni úr skáldsögum og bío mynd eru metin.



Danska

Tímafjöldi á viku: 3

Kennari: Auður Jónsdóttir

Kennsluáferðir og skipulag

Helstu viðfangsefni dönskunámsins í 9. bekk snúa að nemendum sjálfum og daglegu lífi þeirra, s.s. mismunandi miðlum, fatnaði, greind, frítíma og heimili. Að auki verður horft á danskar/norrænar kvikmyndir og stuttmyndir, rýnt í menningu, staðhætti og jólasíði. Verkefni reyna á og þjálfá alla fjóra færniþættina; lestur, hlustun, talað mál og ritun. Unnið er með fyrrihluta Tak (kafla 1-4) lesbók og vinnubók, hlustunarefni. Valdír kaflar úr mäsagnabókinni Pinligt, efni á neti, kvikmyndir og annað ítarefni sem til er í skólanum. Námsbækurnar eru byggðar upp þannig að fyrst er farið í texta í lesbókinni þar sem orðaforði er kynntur, bæði í texta og með myndum. Í vinnubókinni eru síðan verkefni sem nemendur vinna annaðhvort einir eða í pörum. Hlustunaræfingar eru fjölmargar í vinnubókinni og einnig er hlustað á t.d. tónlist o.fl. af netinu. Að auki er stuðst við ýmis spil og leiki. Lögð er áhersla á að allir nemendur finni sína aðferð við að lesa/skilja texta og festa orðaforða í sessi. Því eru fjölbreyttar leiðir farnar í lestri, t.d. lesa texta upp á eigin spýtur heima eða í skóla, lesa í litlum hópum/pörum, lesa með stuðningi af glósu lista og nota orðabækur. Mikið er unnið í hópum/pörum í dönsku.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í dönsku

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhættuþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	✓ Helstu viðfangsefni dönskunámsins í 9. bekk snúa að nemendum sjálfum og daglegu lífi þeirra og heilbrigði.
Jafnrétti:	✓ Mikið er unnið í hópum/pörum í dönsku. Gætt er að því að skipta mismunandi í hópa, t.d. að þau velji stundum sjálf, kennari skiptir í hópa, kynjaskiptir hópar, blandaðir hópar. Einnig er tekið tillit til námsgetu þegar skipt er í hópa; stundum er skipt eftir getu en einnig þvert á getu
Lýðræði og mannréttindi	✓ Nemendur eru hvattir til að vera virkir og sjálfstæðir í verkefnavali



Læsi	<ul style="list-style-type: none">✓ Á hvorri önn eru unnin verkefni þar sem nemendur meta bæði eigin frammistöðu og hóps sem þau vinna í✓ Unnið er með læsi í víðum skilningi í dönsku✓ Lesskilningur þjálfaður. Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfaður út frá myndum.✓ Nemendur æfa sig í að finna viðeigandi efni á neti (á gagnrýninn hátt)
Sköpun	<ul style="list-style-type: none">✓ Nemendur vinna power point verkefni/kynningu um sveitina sína✓ Nýtt ár – nýjar væntingar... bókagerð✓ farið út fyrir skólafunna og verkefni unnin, s.s. myndaverkefni þar sem nemendur eiga að vinna út frá orðum og sköpunarkrafturinn fær að njóta sín.

Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Danmörk land, saga og þjóð	Dejlige Danmark lestrarbók og vinnubók. Tak, lesbók og vinnubók fyrstu 2 kaflar. Pinligt smásögur. Bordbombe-lestextar. Hlustunarefni Óreglulegar sagnir Efni af vef Kvikmynd/stuttmyndir Spil og annað ítarefni	Að nemendur þjálfist í orðaforða um viðfangsefnin og noti hann á fjölbreyttan hátt í skrifuðu og mæltu máli. Nemendur æfi sig í að halda uppi samtölum um ýmis málefni (kort samtale) Nemendur geti leitað sér upplýsinga á netinu um viðfangsefnin á dönsku	Kaflapróf Heimapróf Munnleg skil Ritun



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Próf eru lögð fyrir við lok hvorrar annar. Próf í óreglulegum sögnum á miðjum vetri. Munnlegt próf í lok vorannar. Munnleg skil verkefna eru metin til einkunnar. Verkefni, s.s. verkefni um kvikmyndir, myndaverkefni, ritunarverkefni og fleiri, sem eru unnin yfir veturinn eru metin til vetrareinkunnar



Samfélagsgreinar

Tímafjöldi á viku: 3

Kennari: Hjördís Albertsdóttir

Kennsluáðferðir og skipulag

Samfélagsgreinar eru kenndar þrisvar í viku, 40 mínútur í senn, allan veturinn. Nemendur hlusta á fyrirlestra, horfa á myndbönd, hlusta á hlaðvörp, afla sér upplýsinga og ræða málin. Umræður um viðfangsefnið fara fram í flestum tímum og nemendur vinna verkefni tengdum viðfangsefninu hverju sinni.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsgreinum.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	✓ Nemendur verða að gera sér grein fyrir að þeirra eigin lífshættir og hegðun stjórna að miklu leiti heilbrigði þeirra. Nemendur efla sjálfsmynd sína og læra að þekkja kosti sína, galla og tilfinningar gera sér grein fyrir hvenig vinna megi með hvoru tveggja til að auka vellíðan.
Jafnrétti:	✓ Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir því að jafnrétti er ekki allsstaðar jafn sjálfgefið og á Íslandi og þeir læra um ójafnrétti og fordóma fortíðarinnar sem enn eimir af á ýmsum stöðum. Einnig farið yfir mismunandi aðstæður þeirra núna og annarra í fortíð.
Lýðræði og mannréttindi:	✓ Nemendur þurfa að þekkja réttindi sín og skyldur, að réttindum fylgir ábyrgð og á öllum hvíla borgaralegar og samfélagslegar skyldur. Nemendur öðlast skilning á því að í lýðræðissamfélagi hafa allir rétt á að segja sína skoðun og það er ekki nauðsynlegt að vera sammála.
Læsi:	✓ Nemendur þurfa að tileinka sér stafrænt læsi við öflun heimilda og verkefnavinnu. Nemendur þurfa að lesa í aðstæður á ýmsum tímabilum 20. aldar auk þess að lesa í aðstæður sínar í samanburði við aðstæður



	annarra. Nemendur þurfa að beita hefðbundnu læsi til að lesa, skilja og meta þær upplýsingar sem þeir þurfa að nota hverju sinni.
Sjálfbærni:	✓ Nemendur þurfa að skilja samspil sitt við náttúruna, hlutverki sínu við nýtingu og verndun hennar og þátt sinn í niðurrifi og/eða uppbyggingu. Nemendur öðlast um leið skilning á hlutverki sínu í samfélagi nútíðar og framtíðar og að þær ákvarðanir sem þeir taka hafa ekki eingöngu áhrif á þá sjálfa.
Sköpun:	✓ Nemendur eru alltaf að vinna með skapandi hugsun í verkefnavinnu. Hvernig koma megi skilningi og túlkun á viðfangsefni til skila á fjölbreyttan hátt. Nemendur þurfa að beita gagnrýninni hugsun við öflun upplýsinga og vinnslu með þær upplýsingar sem á vegi þeirra verða.

Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
<p>Haustönn: 20. öldin, árin eftir fyrri heimstyrjöldina, aðdraganda síðari heimstyrjaldar, helförin, lífið að loknu stríði, kalda stríðið og upphaf 21. aldar.</p> <p>Vorönn: Sjálfsmynd og nærumhverfi</p>	Fyrirlestrar í formi myndbanda (horft á fyrir tíma) og umræður í tímum	<p>Unnið er eftir hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Hvert verkefni getur tekið mið af einu eða fleiri viðmiðum og viðmið geta breyst fyrirvaralaust komi upp ný verkefni.</p> <p>Að nemendur geti</p> <ul style="list-style-type: none">✓ Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum✓ Greint hvernig stjórnámál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga✓ sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs✓ ígrundað víxlverkun samfélags, stjórnamála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar✓ sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf	Kannanir og verkefnavinna



		<ul style="list-style-type: none">✓ sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf✓ greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum✓ gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun✓ gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum,✓ séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagsshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum✓ hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum✓ rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund✓ gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar,✓ vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmynda og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt✓ lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta✓ sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði	
--	--	---	--



		<ul style="list-style-type: none">✓ greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða✓ gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess✓ sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.✓ vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausum og réttsýnum hátt✓ rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi✓ komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra	
--	--	--	--

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Hæfniviðmiðum aðalnámskrár og þeirri lykilhæfni sem nemendur eiga að tileinka sér í námi sínu.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Nemendur þreyta kannanir er reyna á rökhugsun, greiningu, skilning og hæfni nemenda á viðfangsefninu og leysa verkefni sem reyna á það sama.



Náttúrufræði

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á fyrri önn og 4 tímar á seinni önn.

Kennari: Arnheiður Rán Almarsdóttir

Kennsluáferðir og skipulag

Unnið verður með fjölbreyttar kennsluáferðir því mikilvægt er að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi áferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Við munum nota útlistunarkennslu, þulunám og þjálfunaræfingar, verklegar æfingar, útikennslu, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir og hópvinubrögð. Áhersla verður lögð á læsi náttúruvísindagreina og unnið með læsisæfingar í öllum köflum.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í náttúrufræði.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhættuþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Í náttúrufræði er oft komið inn á heilbrigði og velferð. T.d. farið í algengustu sjúkdóma sem geta herjað á líkamann ásamt því hvað ber að varast eða hvernig sé hægt að lækna þá. Skoðað hvaða áhrif ýmsir kraftar geta haft á heilbrigði og velferð fólks.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Hópvinnubrögð krefjast jafnréttis í öllum samskiptum, einnig þegar þau skipta með sér verkum.
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none">• Í öllu hópstarfi þurfa nemendur að koma vel fram og sýna háttþryði.
Læsi	<ul style="list-style-type: none">• Náttúrufræði fellur undir vísindi og felur læsi í náttúrufræði í sér annarskonar læsi en t.d. yndislestur. Rýna þarf í textann, skilgreina framandi hugtök og greina aðalatriði frá aukaatriðum. Einnig þurfa nemendur að lesa úr ýmiskonar myndum, táknum og líkönum. Sérstök læsisverkefni verða lögð fyrir til að efla læsi á náttúrufræðtexta.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none">• Við lærum að lesa og ræða um náttúruna til að geta miðlað þekkingunni áfram til komandi kynslóða.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none">• Ýmis verkefni eru unnin þar sem lögð er áhersla á frumleika, frumkvæði og ímyndunarafli eða byggja á uppgötvun og sjálfstæðu námi.

*Áætlun*

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
-Kraftur og hreyfing -Þrýstingur -Rafmagn og segulmagn -Orka og afl -Hitastig og varmaorka -Kraftar í vökvum og lofti	Eðlisfræði 2, Eðlis- og stjörnufræði 1, auka efni frá kennara.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• þjálfí vísindalæsi sitt• þekki gildi eðlisfræði og stjörnufræði• kynnist dæmum um notkun eðlisfræði í daglegu lífi• kynnist dæmum úr heimi stjörnufræðinnar• greini á milli ólíkra krafta• geti notað eðlisfræðiþekkingu á hreyfingu og kröftum til að útskýra hversdagsleg fyrirbæri• viti hvað þrýstingur er og hvernig hann tengist krafti og flatarmáli• viti hvernig þrýstingur er mældur• þekki munin á spennu, straumi og viðnámi• læri um leiðara og einangrara og hvernig leiðarar gætu litið út í framtíðinni• læri um gullnu reglu aflfræðinnar• viti að orka er geymd vinna, geta til að framkvæma vinnu.• læri um hvernig við getum dregið úr orkunotkun okkar, bæði til að spara fjármuni og stuðla að sjálfbærni	Sjálfspróf, lokapróf, símat, vinnubók, hópavinna vinnusemi og skýrslur

Námsmat

Matið byggist á:



- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Sjálfspróf í lok hvers kafla og í lok annar er lokapróf úr efni annarinnar. Einnig er símat yfir önnina með áhreslu á vinnusemi.



Íþróttir

Tímafjöldi á viku: 3

Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Hefðbundin íþróttakennsla og útikennsla að hausti og vori eins og veður leyfir.

Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, knattleikir, frjálssar íþróttir, leikfimi, fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar aðrar íþróttir og fjölbreyttir leikir.

Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskapættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhættuþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins• Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks• Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis
Læsi	<ul style="list-style-type: none">• Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama
Sköpun	<ul style="list-style-type: none">• Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæður



Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Grunnþjálfun helstu íþróttagreina s.s. knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi og fimleikar, stöðvápþjálfun, ýmsar íþróttir og fjölbreyttir leikir.	Útikennsla að hausti og vori eins og veður leyfir hlaup og leikir. Íþróttahús, áhöld eftir viðfangsefni. Allar helstu íþróttagreinar og leikreglur þeirra.	Að kynna fyrir nemendum og kenna þeim undirstöðuatriði íþróttagreina. Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none">• gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol• sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu• gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfividd og hreyfigetu, sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman, gert rytmískar æfingar og fylgt takti• tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans• nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu• skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum• þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt• rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi	Er byggt á ástundun nemenda, vinnu í tímum, framförum og færni í ákveðnum þáttum. Jákvætt hugarfar og samvinna við kennara og samnemendur.



		<ul style="list-style-type: none">• skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans• rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra• vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans• sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt	
--	--	--	--

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áráðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Ástundun og virkni í tímum auk færni. Metið í lok haustannar og að vori. Símat á lykilhæfni



Sund

Tímafjöldi á viku: Námskeið að hausti og vori

Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Hefðbundin sundkennsla, reglur, leikir, allar sundaðferðir – úthald og tækni, marvaði og stungur

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

- Að bæta útfærslu og tækni allra sundaðferða
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í sund
- Að auka félags,- hreyfi,- og siðgæðisþroska
- Að ljúka 9. sundstigi

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhættuþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	✓ Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti
Jafnrétti:	✓ Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu
Lýðræði og mannréttindi	✓ Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum ✓ Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara



	✓ Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum
	✓ Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis
Læsi	✓ Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama
Sköpun	✓ Líkamstjáning í vatni

Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Bringusund, skriðsund, baksund, kafsund, flugsund, þolsund, fatasund, tímataka og marvaði. Stunga og leikur í vatni	9.sundstig - 500 m þolsund. Nemendur noti a.m.k 3 sundaðferðir, hverja að lágmarki 75 m - sund í fötum: stunga af bakka, 50 m fatasund þar af 8-10 m kafsund, troða marvaða og afklæðast á sundi. - 25 m flugsund - tímataka: tvær aðferðir af þremur; 100 m bringusund, 50 m skriðsund og 25 m baksund.	Helstu markmið með sundstigum eru að: <ul style="list-style-type: none">• Allir fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum.• Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt.• Veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs.• Að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi.	Kennari gefur nemanda vitnisburð fyrir: A - sundgetu á prófi B - mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Veruleg próf í sundstiginu við lok haustannar og lok vorannar. Símat á lykilhæfni á meðan sundkennslu stendur



Lífsleikni

Tímafjöldi á viku: 1

Kennari: Arnheiður Rán Almarsdóttir

Kennsluáðferðir og skipulag

Lífsleiknitímarnir eru notðir í að ræða allskonar mál sem koma upp innan námshópsins eða það málefni sem brennur á nemendum. Einnig er stuðst við efni og bækur þar sem ýmiskonar verkefni eru unnin. Ekki er gerð sérstök áætlun í byrjun annar um hvað eigi að kenna í hverjum tíma, þar sem slík áætlun stenst ekki.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í lífsleikni.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">Nauðsynlegt er fyrir nemendur að þekkja líkamlega þörf sína fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti og leitist við að koma til móts við hana.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">Ekki eru allir eins en þó eru allir jafnir og þurfa nemendur að læra að bera virðingu fyrir sérstöðu annarra.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">Að nemendur þekki og átti sig á gildi þessara hugtaka..
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">Nauðsynlegt er fyrir nemendur að geta lesið umhverfi sitt, áttað sig á þeim áreitum sem geta haft áhrif á líf þeirra og geri sér grein fyrir slysagildrum í því.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">Nemendur takast á við ýmis álitamál í umræðum innan námshópsins.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">Lögð áhersla á að nemendur sýni frumkvæði og sköpun í vinnubrögðum.



Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
	Unglingaspjall og efni frá kennara.	<p>Að nemendur</p> <ul style="list-style-type: none">• geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem geta haft áhrif á líf þeirra• virði og átti sig á tilgangi leikreglna í mannlegum samskiptum• þekki hugtökin jafnrétti og lýðræði• geti tjáð hugsanir, skoðanir, tilfinningar og væntingar sínar• hafi lært leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur m.a. í sér<ul style="list-style-type: none">○ færni í samvinnu○ að sýna tillitssemi○ að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum○ að setja sig í spor annarra○ að hlusta á aðra og sýna kurteisi○ að hafa áræði til að spyrja gagnrýninna spurninga○ að sýna frumkvæði og sköpun í vinnubrögðum• þekki líkamlega þörf sína fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti og leitist við að koma til móts við hana• geri sér grein fyrir að ekki eru allir eins og beri virðingu fyrir sérstöðu annarra• kunni skil á umferðareglum fyrir gangandi vegfarendur	Umsagnir



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Þátttöku nemenda

Form og tíðni násmats:

- ✓ Umsögn



Upplýsingatækni

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku á haustönn

Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir

Kennsluáferðir og skipulag

Nemendur fá fræðslu um netöryggi, hvað ber að varast og hvernig þau eigi að umgangast tölvur og netið af skynsemi og öryggi. Nemendur vinna verkefni í forritunum word, excel, powerpoint o.fl.. Lögð verður áhersla á að nota alltaf rétta fingrasetningu við notkun lyklaborðs. Nemendur fá kennslu í heimildaleit á netinu, setja upp efnisyfirlit og heimildaskrá í ritgerðum, læra á notkun tölvupóstar og að nota onedrive bæði í skóla og við heimanám.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í tölvum.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	✓ Tekið verður mið af þörfum allra hvað varðar nám og vinnuástöðu í tölvutímum, til að skapa líkamlega og andlega vellíðan.
Jafnrétti:	✓ Nemendur vinna á sínum forsendum/ á sínum hraða og fá að hafa áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.
Lýðræði og mannréttindi:	✓ Nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun í tengslum við verkefni sín.
Læsi:	✓ Að ná tökum á stafrænu læsi og geti tileinkað sér það til að geta notað tölvu- og nettækni til samskipta og efnissköpunar af ýmsu tagi.
Sjálfbærni:	✓ Nemendur læri að nota tölvu sér til gagns og gamans.
Sköpun:	✓ Nemendur nota hugmyndaflugið og skrifa texta frá eigin brjósti.

*Áætlun*

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
	Word, Excel, Powerpoint. Onedrive tölvupóstur	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• kunni að búa til möppur og nota möppur í tölvum• hafi náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborð, tileinkað sér blindskrift og réttar vinnustellingar• kunni á alla sérlykla á lyklaborði• kunni á forritin word, excel og powerpoint.• Þekki heimildaleit á netinu• viti að til eru lög um höfundarétt og skilji þýðingu þeirra við vinnu með upplýsingar• sýni skilning á siðferðislegri ábyrgð sinni við framsetningu efnis á vef og sambærilegum miðlum, svo sem tölvuráðstefnum og í tölvupósti.• Læri uppsetningu ritgerðar í Word, eins og efnisyfirlit og heimildaskrá• Læri á Onedrive og hvernig þau geta notað það bæði í skóla og við heimanám.	Umsagnir

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áráðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Umsagnir í lok haustannar og vorannar.



Heimilisfræði val

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku hálfan veturinn

Kennari: Arnheiður Rán Almarsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Heimilisfræði er valfag í elsta hópnum og nemendum úr 8. - 10. kennt saman.

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í heimilisfræði.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhættuþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	✓ Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Jafnrétti:	✓ Áhersla á að allir eru jafnir óháðir kyni, menningu, fötlun, aldri og líkamsbyggingu
Lýðræði og mannréttindi	✓ Nemendur fá að hafa áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. ✓ Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum eldhússins. ✓ Þegar skipt er í hópa, skal alltaf gætt jafnræðis
Læsi	✓ Hluti læsis er hlustun og lestur á námsefni og á umhverfi.
Sjálfbærni	✓ Læra nýtni og fara vel með hráefni og hluti.
Sköpun	✓ Sköpunarþörf þeirra fái að njóta sín.

Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Nemendur læri:	Námsbækurnar Næring og lífshættir, Matur og menning Heimilisfræði fyrir unglingastig	Hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi.	Kennari gefur nemanda vitnisburð fyrir:



<ul style="list-style-type: none">✓ að fara eftir leiðbeiningum um hreinlæti✓ þrif tengd eldhússtörfum.✓ heiti eldhúsáhalda og notagildi þeirra.✓ að útbúið einfaldar og hollar máltíðir.✓ Leggja á borð og sitja saman til borðs.	og ýmis ljósrituð verkefni. Upplifun, leikur og umræður.		mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni).
--	--	--	--

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áráðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Lykilhæfnin metin reglulega yfir veturinn.



Myndmennt val

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku hálfan veturinn

Kennari: Auður Jónsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Valfag hjá 8.-10. bekk. Kenndar verða 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í myndmennt.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	✓ Áhersla á rétta líkamsstöðu við vinnu og að allir umgangist áhöld og efni sem unnið er með af varúð.
Jafnrétti:	✓ Allir fá sömu aðstöðu og hafa sama valmöguleika á efnivið óháð kyni.
Lýðræði og mannréttindi	✓ Nemendur hjálpast að við frágang í stofu.
Læsi	✓ Nemendur þjálfast í að fara eftir einföldum vinnuleiðbeiningum í máli og myndum. ✓ Einnig læra nemendur hugtök sem tengist sjónlistum.
Sjálfbærni	✓ Nemendur vinna með verðlaust efni og endurhanna eða skapa eitthvað nýtt.
Sköpun	✓ Nemendur hvattir til að útfæra og skapa eftir eigin hugmyndum.



Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Dæmi: litafræði og blöndun lita. Að horfa á umhverfið, skynja og skapa. Að prófa mismunandi tegundir pappírs og lita. Vinna með forgrunn og bakgrunn. Vinna með skissur og vinna eftir fyrirmynd. Vinna með tvívídd og þrívídd. Litir og form. Fjölbreytt verkefni unnin með fyrrnefndar áherslur að leiðarljósi.	Kennslubækur og netið	Við lok 9. bekkjar getur nemandi: Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla. Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Unnið hugmynd frá skissu að lokaverkefni bæði fyrir tví- og þrívíð verk. Gengið frá eftir vinnu sína.	Sjá neðar

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áráðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið. Þátttaka nemanda og verkefni þeirra metin.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Símat og sjálfsmat í lok annar.



Áhugasvið val

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku á önn

Kennari: Hjördís Albertsdóttir

Kennsluáðferðir og skipulag

Kenndar verða tvær kennslustundir á viku í vali hálfan veturinn, samkennsla 8.-10.bekkur. Valið verður í boði bæði á haust- og vorönn.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í áhugasviðsvali.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Jafnrétti:	✓ Nemendur hafa allir jafnan rétt til að vinna að því sem þá langar og hafa hæfni til.
Sjálfbærni:	✓ Nemendur reyna að nýta það efni sem nú þegar er til.
Sköpun:	✓ Nemendur þurfa að hugsa út leiðir til að framkvæma það sem þá langar til að gera og sköpunargáfa nemenda fær að njóta sín. Nemendur skapa hluti eða vinna verkefni sem eru þeirra eigin og enginn á alveg eins.
Lýðræði og mannréttindi	✓ Nemendur velja sjálfir viðfangsefni eftir áhuga og leysa það eftir eigin höfði.
Heilbrigði og velferð	✓ Nemendur skipuleggja sjálfir viðfangsefni sín og bera ábyrgð á námi sínu í áhugasviði.
Læsi:	✓ Nemendur þurfa að geta lesið jafnt fróðleik, leiðbeiningar, kort og annað sem þeir þurfa til verkefnavinnunar. Þeir þurfa að tileinka sér gagnrýna hugsun og gott stafrænt læsi til að greina og grisja þær upplýsingar sem þeir skoða.



Áætlun

<i>Viðfangsefni og námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Fjölbreytt verkefni sem nemendur velja eftir áhuga og löngun hverju sinni.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">✓ skipuleggi eigið nám á því sviði sem þá langar✓ beri ábyrgð á eigin námi og vinni eftir eigin skipulagi✓ meti eigin vinnu	Sjálfsmat nemenda á vinnu og mat kennara á framgangi verkefnis og virkni í tímum.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Þátttaka nemanda og verkefni þeirra metin af þeim sjálfum.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Sjálfsmat í lok hvers verkefnis og mat kennara í kennslustundum.



Textílmennt val

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku hálfan veturinn

Kennari: Hjördís Albertsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Kenndar verða tvær kennslustundir á viku í vali hálfan veturinn, samkennsla 8.-10.bekkur.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í textílmennt.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Jafnrétti:	✓ Áhersla á að handverk er fyrir alla
Sjálfbærni:	✓ Kenna nemendum að nýta og fara vel með efnið sem þeir vinna með. Nýta afgangsefni þar sem það er hægt.
Sköpun:	✓ Að sköpunargáfa nemenda njóti sín. Nemendur skapa hluti sem eru þeirra eigin og enginn á alveg eins.
Læsi:	✓ Vera læs á handbækur og gögn greinarinnar.



Áætlun

<i>Viðfangsefni og námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Fjölbreytt verkefni sem nemendur velja eftir áhuga og löngun hverju sinni.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">✓ geti nýtt sér mismunandi aðferðir textílgreinarinnar til að vinna með eigin hugmyndir✓ geti beitt verklagi, áhöldum og vélum greinarinnar✓ temji sér vandvirkni og góða umgengni við vinnu sína✓ geti skipulagt raunhæft vinnuferli og fylgt því eftir✓ geti notað handbækur og gögn greinarinnar.	Lykilhæfnipættir eru metnir í lok hvers tíma og skráð niður. Lokamat byggist á þessu símati.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið. Þátttaka nemanda og verkefni þeirra metin.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Símat og sjálfsmat í lok annar



Smíðar val

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku á önn

Kennari: Eydís Kristjánsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Nemendur geta valið að fara í hönnun og smíði á haustönn og vorönn. Stefnt er að því að efla áhuga nemenda á eigin hönnunarvinnu og smíði í krefjandi verkefnum og auka meiri þekkingu á tækjum og efniviði. Enn fremur er lögð áhersla á lestur og gerð vinnuteikninga – að gera sig skiljanlega(n) með myndmáli. Unnið verður með endurunnið efni eins og kostur er. Hvatt er til samvinnu nemenda við úrlausn verkefna. Nemendahópurinn samanstendur af nemendum í 8. – 10. bekk.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

- Að kynnst smíðastofunni betur og helstu eiginleikum hennar.
- Að kynnst helstu smíðaverkfærum og fá að prófa þau.
- Að virkja sköpunarþörf sína og koma hugmyndum sínum í sýnilegt form með eigin aðferðum.
- Að njóta leikgleðinnar og miðla hugmyndum sínum með öðrum og ræða þær. Að fá að sýna öðrum hæfni sína til smíða og sköpunar.

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í smíðum

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhættuþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	✓ Að vinna í öruggu umhverfi með réttu öryggishlífar hverju sinni. Að beita sér rétt við vinnu og finna til öryggis við verkefnið.



Jafnrétti:	✓ Að allir geti unnið á grundvelli jafnréttis við hvaða verkefni og með hvaða verkfæri sem er.
Lýðræði og mannréttindi	✓ Hver og einn fær að stjórna sínu verkefni og ræða það við alla sem vilja heyra.
Læsi	✓ Lesa í verkefnið og læra að þekkja hvað verkfæri og efnivið sé best að nota hverju sinni.
Sjálfbærni	✓ Endurnýting og virðing fyrir umhverfinu.
Sköpun	✓ Hugmyndavinna, uppgötva, örva forvitni, virkja ímyndunaraflíð.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Þróun eigin hugmynda, skissugerð og vinnuteikning, frumhönnun, smíði og prófun smíðagripa. -Tækja- og efnisfræði -Sjálfbærni og endurnýting -Vinnulag og öryggisatriði. Síðan frjáls verkefni sem byggjast á hönnun og vinnuteikningu nemenda.	-Uppl. um gerð vinnuteikninga. -Blað með teikningu og heitum á helstu verkfærum í smíðastofu. -Ýmsar upplýsingar sem nemendur afla sér um eigin hönnun. Annað námsefni: -Ýmsar möppur og bækur um hönnunar og smíðaverkefni -Aðstaða, efni og tæki til að hanna og vinna smíðisgripa t.d. í tré, plast og endurnið efni -Aðgengi að tölvu til upplýsingaöflunar við hönnun verkefna Námstækni: -Innlagnir og sýnikennsla um hönnun og vinnulag, tækni efnisfræði, þýðingu og sögu hönnunar og smíði.	Nemandi: -getur sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til smíðagrips með skissum, vinnuteikningum og smíði -getur sýnt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni -getur valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum -getur greint ýmsar þarfir í umhverfinu sínu og skoðað mögulegar lausnir. -getur haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni og hefur skilning á mikilvægi þess -getur gert við og endurnýtt efni, tæki og húsgögn samkvæmt eigin hönnun -þekkir heitin á helstu verkfærum í smíði og getur beitt þeim á réttan hátt -getur tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði	Námsmat: - Einstaklingsbundið leiðsagnarmat og símat í hverjum tíma.



	<p>- Nemendur beita m.a. samvinnu, þankahríð, upplýsingaöflun, skissugerð og vinnuteikningum í smíði.</p> <p>Mögulega heimsóknir á sýningar og vinnustaði.</p>	<p>-getur lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum</p> <p>-þekkir sögulegan bakgrunn og þýðingu hönnunar og smíði</p> <p>-getur sýnt vinnusemi, góða hegðun og ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.</p>	
--	--	---	--

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Ástundun og virkni nemenda í tímum. Metið í lok annar.



Stærðfræði val

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku á önn

Kennari: Arnheiður Rán Almarsdóttir

Kennsluáðferðir og skipulag

Leitast verður við að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við kennsluna til að auka gæði námsins s.s. leitaraðferðir, einstaklingsvinnu, þrautalausnir, verklega kennslu, námsleiki, útikennslu, hlutbundna vinnu og hjálpargögn. Nýir námsþættir verða kynntir og kenndir yfir hópinn í byrjun og svo farið yfir í einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópum ef þarf. Lögð verður áhersla á endurtekningu og mikla þjálfun nemenda í hverju viðfangsefni fyrir sig. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæð viðhorf til stærðfræði eru mikilvægir þættir í stærðfræðinámi svo og samræður við aðra nemendur um stærðfræðihugtök. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhættuþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	✓ Verkefni valin með velferð nemenda í huga.
Jafnrétti:	✓ Allir nemendur hafa jafnan rétt til náms. Leitast við að nám miðist við einstaklingsþarfir hvers og eins. Nemendur hafa ólíkar forsendur til náms og virða ber alla með því að hlusta á allar hugmyndir sem nemendur hafa fram að færa.
Lýðræði og mannréttindi:	✓ Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir í hóp eða bekk þegar við á. Mikilvægt er að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar. Virkar samræður um námsþætti hverju sinni.
Læsi:	✓ Talnalæsi, fjármálalæsi, þjálfun í læsi á stærðfræðilegum hugtökum og nemendur fá þjálfun í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni eins og í orðadæmum og textaverkefnum. Nemendur læra að lesa stærðfræðileg



	tákn þ.e. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman og þekkja aðgerðartáknin. Nemendur læra einnig að lesa tölfræðigögn.
Sjálfbærni:	✓ Reynt að stuðla að sjálfbærni með því að þjálfa nemendur í að draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um t.d. neyslu og að huga að eigin velferð og annarra. Leitast verður við að skapa vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir.
Sköpun:	✓ Verkefni unnin og sett fram á skapandi og listrænan hátt. Í stærðfræðivinnu eru notaðar ýmsar aðferðir til að tjá sig s.s. teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit. Unnin verða skapandi verkefni í hópastarfi á Degi stærðfræðinnar. Hlutbundin nálgun í hávegum höfð og ýtt undir skapandi hugsun nemenda eins og kostur er.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Að vinna og leysa þrautir. Stærðfræðikrossgátur og stærðfræði í daglegu lífi og annað efni eftir því hvað tími gefst til	Efni frá kennara.	Nemendur eiga að geta: <ul style="list-style-type: none">• tjáð sig um stærðfræðileg efni og veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar• útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum• leitað lausna• sett viðfangsefnin fram á fjölbreyttan stærðfræðilegan hátt með því að<ul style="list-style-type: none">○ beita skapandi hugsun○ beita ígrundun, óformlegri og einfaldri○ beita formlegri röksemdafærslu○ setja fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön• notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að<ul style="list-style-type: none">○ setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg vandamál○ ræða lausnir	Símat, vinnusemi, vinnubrögð og samstarf.



		<ul style="list-style-type: none">○ nýta margvísleg hjálpartæki til stærðfræðilegra verka, þar með talin tölvutækni● unnið einir og í samvinnu við aðra að því að<ul style="list-style-type: none">○ rannsaka○ greina○ túlka○ setja fram tilgátur○ finna lausnir○ alhæfa um hvers kyns viðfangsefni með hjálp stærðfræðinnar○ lesa og leggja mat á stærðfræðitexta○ nota viðeigandi verkfæri t.d. tölvur○ kynna niðurstöður sínar● notað rauntölur● reiknað með ræðum tölum● greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum● tekið þátt í að þróa lausnaleyðir við útreikninga● nýtt sér samhengi og tengsl reikniáðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim● rannsakað mynstur og alhæft um þau● leyst jöfnur● notað breytistærðir og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum● notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar● nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna og greina rúmfræðilega hluti● sett fram einföld rúmfræðileg rök● mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölvur til þessara hluta● notað tölfræðileg hugtök til að<ul style="list-style-type: none">○ skipuleggja	
--	--	--	--



		<ul style="list-style-type: none">○ framkvæma og túlka tölfræði rannsóknir○ framkvæma og daega ályktanir af tilraunum þar sem líkur og tilviljun komi við sögu○ nota einföld líkindarhugtök og talningu til að reikna og túlka líkur á atburðum	
--	--	---	--

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Kaflakannanir eru við lok hvers kafla. Tilgangur þeirra er að leiðbeina nemendum við námið. Kaflakannanir eru nýttar til að meta hvað þarf að fara betur yfir og hjálpa nemendum að bæta sig. Vinnubrögð, hæfni og framfarir nemenda eru metin reglulega yfir veturinn. Lokapróf eru tekin í lok hvorrar annar og nemendur fá í framhaldi af því vitnisburð sem inniheldur annareinkunn og prófseinkunn eða umsögn eftir því í hvaða bekk þeir eru. Prófseinkunn er útkoman úr lokprófinu en annareinkunn stendur saman af útkomum í kaflakönnunum, vinnueinkunn og vinnubók.
- ✓ Foreldraviðtöl eru líka tvisvar á skólaárinu þar sem kennurum, foreldrum og nemendum gefst kostur á að ræða námsframvinduna.



Hreysti val

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku á önn

Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Hreysti er íþróttaval þar sem helstu viðfangsefnin er líkamsrækt, styrkur og þol. Tímarnir eru tvöfaldir og verða að mestu kenndir í þreksal. Lögð verður áhersla á fjölbreyttar æfingar þar sem áherslan er fyrst og fremst á rétta líkamsbeitingu. Æfingarnar verða bæði með léttum lóðum og eigin þyngd. Nemendahópurinn samanstendur af nemendum í 8. – 10. bekk.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í hreysti

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhættuþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins• Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks• Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis
Læsi	<ul style="list-style-type: none">• Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama
Sköpun	<ul style="list-style-type: none">• Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæður



Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Líkamsrækt, styrkur og þol	Þrekæfingar, þolæfingar í formi tabataþjálfunar og stöðvaþjálfunar	Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none">• gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirt þol• sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu• gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfivídd og hreyfigetu, sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman, gert rytmískar æfingar og fylgt takti• tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans• nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu• skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum• þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt• rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi	Er byggt á ástundun nemenda, vinnu í tímum, framförum og færni í ákveðnum þáttum. Jákvætt hugarfar og samvinna við kennara og samnemendur.



		<ul style="list-style-type: none">• skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans• rätt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra• vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans• sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt	
--	--	--	--

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið

Form og tíðni námsmats:

Ástundun og virkni í tímum auk færni. Metið í lok haustannar og að vori. Símat á lykilhæfni